



Sverrir Guðjónsson kontratenór
fer á fund myndlistarmanns.



HILDUR ÁSGEIRSDÓTTIR JÓNSSON

ÖRLAGAVEFUR

Vefnaður í málverki - málverk í vefnaði

Ljóðræn áhrif og áferð bera svip af vatnslitaverkum. Við fyrstu sýn virðist málað beint á vefinn en þegar betur er að gáð kemur í ljós að fyrst er efnið málað og síðan fléttað inn í hárfínan vefnaðinn.




Gray Blue, silkivefnaður, 100x110 sm '05



Snjóbreiða, 100x120 sm '05



Jökultungur, silkivefnaður, 110x174 sm '05



Butterfly Nebula, silkisamur, 20x10 sm '03



Einstein's Cross, silkisamur 15x18 sm '03



Light Echoes of Supernova II, silkisamur sm 15x18 '04

„FRÁBÆRT. Á þennan hátt er best að lýsa myndlistarsýningu á 26 vefmyndum, myndsaumi og teikningum eftir Hildi Ásgeirsdóttur Jónsson, hjá samtímalistasafninu í Cleveland. Sýningin er ein sú athyglisverðasta sem sést hefur á þessum slóðum, síðasta áratuginn. Verk H.Á.J. eru þó á engan hátt staðbundin, heldur hafa víða skírskotun. Hér er um hæfileikaríkan listamann að ræða sem á erindi við heimsbyggðina.“ (Steven Litt)

Íslenskt landslag er sterkur áhrifavaldur í vefnaðarlist Hildar sem þræðir sig á milli fjalls og fjöru; skriðjökla og lóna; skýjamynnda og hrynjandi aldanna; ísjaka, eldfjalla og svartra sanda. Smámyndir og teikningar tengjast óravíddum himingeimsins, sólkerfum, stjörnuþökum, sprengistjörnum, ljósmyndum frá himintunglum og ljósafyrirbærum, eins og krossi Einsteins, en gætu rétt eins verið micro-veröld frumnanna -


UPPHAF LÍFS

NEBULA - STJÖRNUÞOKA *uppeldisstöð stjarna*

SUPERNOVA - SPRENGISTJARNA *ein tegund blossastjarna, sem verða allt að 100 milljón sinnum bjartari en sólin*

„Nánast eins og af sjálfu sér spinnur þráðurinn myndir, út frá frelsi málverksins og kerfisbundinni rökfestu vefstólsins, sem hafa finlega dýpt og þar sem litur og línur gægjast fram úr vefnum, eins og fyrir töfra.“ (Steven Litt)


H. Á. J. opnar sýningu að Ingólfsstræti 5, í Gallery Turpentine, 7. október 2005.




Strönd, silkivefnaður 170x110 sm '05



Ice breaking, silkivefnaður 170x110 sm '04



Little Black Mountain 35x7sm '03



Mountain lake, silkivefnaður 160x110sm '04



Einsteins Cross, blekteikning 30x30 '03



Trifid Nebula, blekteikning 40x45 '04



Light Echoes of Supernova, blekteikning 40x45 '04

STEINBÚINN

VIÐ SÓLARUPPRÁS

Á HÆSTA TINDI

AUGLITI TIL AUGLITIS

VIÐ STEINBÚANN

NEM ÉG ÓP JÖKULSINS

ÖLDUNGUR

SEM HOPAR HÆGT

MEÐ SITT SÍÐA HÁR

HVÍTARA EN HVÍTT

HVERFIST

INN Í STJÖRNUÞOKU

EILÍÐAR

Sverrir Guðjónsson
23.ágúst 2005